

<b>Dags eftirlits</b>	15.11.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Fyrirtæki</b>	Eskja hf. Eskifirði	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>		<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6301694299	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Haukur Líndal	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	734232,988 517289,471

### Niðurstaða eftirlits

Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirlitsferðinni þar sem gólfniðurföll í löndunarhúsi höfðu ekki verið tengd við hreinsibúnað. Miklar framkvæmdir standa yfir í verksmiðjunni sem miða að því að bæta hreinsun útblásturslofts og draga úr olíunotkun. Öllum skýrslum sem skila á til eftirlitsaðila hefur verið skilað. Niðurstöður mælinga á fráveituvatni gefa til kynna að losun frá verksmiðjunni sé innan viðmiðunarmarka starfsleyfis

### Umfang eftirlits

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu.

Engin kvörtun hefur borist til Heilbrigðiseftirlits Austurlands vegna starfseminnar það sem af er árinu. Verksmiðjan hafði unnið úr u.þ.b. 80.000 tonnum af hráefni það sem af er ári til samanburðar við 48.000 tonn árið áður.

Sýnatökur á fráveituvatni fóru fram í mars 2012 og var niðurstöðum sýnatökunnar skilað í greinargerð frá verkfræðistofunni Verkís í apríl sl. skv. niðurstöðum mælinganna er losun frá verksmiðjunni innan losunarmarka í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2011 hefur verið skilað og það birt á vef Umhverfisstofnunnar. Gólfniðurföll frá löndunarhúsi hafa enn ekki verið tengd við hreinsibúnað en framkvæmdir við tengingar eru hafnar, búið er að setja niður brunn en eftir á að ganga frá lögnum og dælingu. TVN er mælt og skráð reglulega og eru niðurstöður sendar í samræmi við ákvæði í starfsleyfi.

Miklar framkvæmdir eru hafnar í verksmiðjunni sem miða meðal annars að því að breyta meðhöndlun útblásturslofts og draga úr olíunotkun í verksmiðjunni. Nýr hreinsibúnaður fyrir útblástursloft samanstendur af þvottaturni og þremur efnaturnum. Allt útblástursloft frá tækjum, mjölkerfi og húsnæði verður meðhöndlað í hreinsibúnaðinum og fer að lokum út um nýjan 42 metra háan reykþáf, þar sem áætlað er að hraði útblásturslofts verði yfir 20m/sek. Einnig verða teknir í notkun rafmagnshitarar sem leysa eiga olíubrennara af hólmi. Gert er ráð fyrir því að breytingunum verði lokið um mitt ár 2013 og eftir það verði verksmiðjan nær eingöngu keyrð á rafmagni í stað olíu. Samhlíða þessum breytingum verður reist nýtt hús við verksmiðjuna sem mun hýsa skrifstofur og starfsmannaaðstöðu.

Eftir fundinn var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar í fylgd verksmiðjustjóra sem gerði grein fyrir þeim framkvæmdum sem getið er hér að framan. Allnokkuð rask var á lóðinni en hvergi varð vart við mengun sem rekja má til daglegrar starfsemi verksmiðjunnar.

#### Frávik frá

gr. 3.8. í starfsleyfi

#### Lýsing á frávik

Tengja þarf gólfniðurföll frá löndunarhúsi og niðurföll frá verksmiðjuhlani við hreinsibúnað

### Athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.



---

Leifur Þorkelsson

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta